

# Foreldrafélag Núps - Fundargerð

**Fundur nr. 1,** skólaárið 2019/2020

**Staður:** Leikskólinn Núpur

**Dagsetning:** 09. október 2019

**Tími:** 20:30

**Fundarritari:** Auður

**Mættir:** Halldóra, Inga, Ester, Kristín, Auður, Adda, Tinna, Madda og Ása

**Dagskrá:** Viðburðir vetrarins og stóra ákvörðunin um dansinn.

Byrjað var á að ákveða hverjir tækju að sér embætti formanns, gjaldkera og ritara foreldrafélagsins.

- Formaður er Halldóra Brynjólfsdóttir
- Gjaldkeri er Kristín Fanney Þorgrímsdóttir
- Ritari er Auður Böðvarsdóttir

Rætt var um greiðsluseðla og ákveðið að senda út greiðsluseðla á gjalddaga 15. okt og eindaga 3. nóv. Svo hægt sé að gera grófa kostnaðaráætlun fyrir veturinn. Um 81 greiðsluseðill verða sendir út eða að hámarki 472 þúsund inn á reikninginn.

Byrjað var að ræða dansinn og það hefur verið mikil hækkun á milli ára. Ef við bókuð dansinn að þá er lítið svigrúm fyrir aðra viðburði en þessa föstu. Dansinn hefur ekki alltaf verið á hverju ári og vangaveltur hvort þetta árið verði árið án dansins. Síðan kom hugmynd hvort að Dagný gæti tekið að sér að kenna í 3 vikur frekar en 6 vikur eins og venjan hefur verið. Stína ætlar að heyra í henni og kanna hvort að það gangi upp.

Önnur skemmtun rædd og ætlar Inga að heyra aftur í fimleikasal Fylkis og möguleika bóka þann viðburð á haustönninni. Madda ætlar að senda Herdísi póst varðandi skyldihjálparnámskeiði. Þælingin er að hafa skyndihjálparnámskeið á haustönn og jafnvel þar sem foreldrar greiða hluta. En síðan annað fræðuslukköld á vorönninni og þá með Dal eins og í fyrra. Auður ætlar að heyra í Einari einstaka, en skemmtileg hugmynd kom fram að halda skemmtun í Guðmundarlundi í vor. Þar myndu foreldrar koma með eitthvað á grillið og foreldrafélagið skaffa kolum og skemmtiatriði. Hugmyndin væri að skemmtunin kæmi í stað fyrir sveitaferðina eða hvað?, en hún hefur reynt erfið hvað greiðslu og umstang varðar. Kannski ágætt að hvíla í ár og prófa eittvhað nýtt. Á fundinum kom fram að Bjarneyjarsandur beri af í hreinlæti og skemmtun. En því miður keyrslan heldur lengri eða um 1,5 klst. Það þarf að skoða þetta þegar líður á veturinn. Adda ætlar að heyra í þeim á Bjarneyjarsandi og kanna hvort hún sé með góðan díl þar.

Jólasveinarnir bókaðir 19. Des og jólagjafirnar ræddar. Það er erfitt að finna flottar jólagjafir á góðu verði. Inga ætlar að kanna magnverð og pöntun á getraunabók frá Forlaginu sem meðlimum leist vel á. Annars ætlum við að leggjast í smá hugmyndarvinnu varðandi jólagjafir þangað til við tökum lokaákvörðun. Jólaleikritið hefur alltaf verið bókað af Svönu og hún er nú þegar búin að ganga frá því fyrir jólin 2019. En leikritið er dýrara en Jól í tösku sem var í fyrra, en það er einfaldlega vegna þess að það var svo ódýrt.

Ester ætlar að heyra í Eiríki Inga og fá hann aftur til þess að taka myndir af börnunum. Almennt voru foreldrar ánægðir með hann, bæði vegna þess að hann tók einstaklings- og systkinamyndir, afgreiddi myndir m.a. rafrænt og var með gott lag á börnunum. Stefnt að því að fá hann í feb/mars.

Kosningin betra ísland fer fram á næstunni og viljum við minna Svönu á að senda tölvupóst til foreldra og minna þá á að kjósa úrbætur á lóð leikskólans.

Halldóra fór yfir tölvupóst foreldrafélagsins, margir listamenn að koma sér á framfæri eins og frá Tónafljóð, töframanni, sveitagörðum, flækja.is og blöðrukalli svo eitthvað sé nefnt.

Fundi skitið klukkan 21:50.